

10

13. jan.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni og hálfri milljón króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til greiðslu kostnaðar, sem leiðir af fyrirmælum 1. gr.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinnar nýju verksmiðju á Raufarhöfn fer að öðru leyti eftir lögum um sildarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

11

13. jan.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla, meðan skip þau, er slíka vél hafa, stunda veiðar á tímabilinu 1. júní til 31. október ár hvert.

Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.